

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Fagradalsár í Dalasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fagradalsár.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði árinna, en þær eru: Foss og Fagradalstunga, Innri-Fagradalur, Fagradalur, Ytri-Fagradalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kosnum á aðalfundi, og gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti þannig, að allir eigendur árinna verða til skiptis í stjórninni.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllök ár hvert, og þar leggur stjórnin fram reikninga félagsins.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld af félaginu í sama hlutfalli og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði nr. 203 20. júlí 1972.

1. gr.

9. tl. 14. gr. orðist svo:

Við sjálfvirkar fólkslyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólnum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án útstandandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm, en fjarlægðin frá þakbrún til veggjar ekki minni en 75 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Reykjadalárs.

1. Kollslækur	45 einingar
2. Giljar	33 —
3. Auðsstaðir	41 —